

6. Fundur

Þriðjudaginn 27. desember 2022 kom stjórn saman til fundar á skrifstofu félagsins og hófst hann kl. 12:00.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Anna María Elíasdóttir, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Jón Grétar Rögnvaldsson og Stefán Jónsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.

Formaður upplýsti um nýafstaðna kosningu um kjarasamning félagsins. Almenn ánægja er með samninginn og var hann samþykktur með um 90% atkvæða.

2. Tekið fyrir mál félagsmanns – um trúnaðarmál er að ræða.

3. Velferðarsjóður Eyjafjarðar.

Samþykkt var í tölvupóstum 21.11.2022 að styrkja Velferðarsjóð Eyjafjarðar um 600.000 kr.

4. Styrkir úr Sjúkrasjóði.

Samþykkt var að hækka styrki úr sjúkrasjóði um 5%.

Stjórn var sammála um að skoða orðalag vegna úthlutunar orlofsstyrkja að eigin vali.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.